

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt skipulagsáætlanir sem hér segir:

Egilsmói 12 – 214-Íb/L.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að gerður er stærri byggingarreitur á lóðinni. Innan nýs byggingarreits er heimilt að stækka núverandi íbúðarhús og hesthús og gestahús á einni hæð með risi. Byggingarákvæði eru skilgreind í greinargerð. Aðgengi meðfram á er tryggt. Annað í skipulagi er óbreytt.

Silungatjörn, L125175 – 513-F.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér skilgreiningu nýrrar lóðar L125175. Heimilt verður að byggja stakt frístundahús á landinu í samræmi við gildandi aðalskipulag Mosfellsbæjar. Byggingarheimildir fylgja aðalskipulagi. Aðkoma er um norðanvert vatnið og liggur nýr vegur að lóð í landi Miðdals. Annað í skipulagi er óbreytt.

Heytjarnarheiði, L125374 – 525-F.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag af lóðinni L125374. Heimilt verður að byggja stakt frístundahús á landinu og útihús í samræmi við gildandi aðalskipulag Mosfellsbæjar. Byggingarheimildir fylgja aðalskipulagi.

Hraðastaðaland, L215451, dreifistöð – 229-S.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér staðsetningu og stofnun lóðar fyrir nýja dreifistöð Veitna ohf. nær Þingvallavegi í Mosfellsdal. Staðsetning er við nýjan aðkomuveg að Gljúfrasteini. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 18. ágúst 2021,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. ágúst 2021